

Miðvikudaginn 21. desember 1966.

Nr. 61/1966. **Jarðvinnslan s/f og Almennar Tryggingar h/f**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Sveini Ólafi Tryggvasyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar, Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1966 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. maí 1966 og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að bera óskipt fulla ábyrgð á tjóni hans vegna árekstrar, sem varð á Reykjavegi í Reykjavík hinn 31. desember 1964 milli bifreiðar hans, R 6478, og jarðýtunnar T. D. 14, nr. 1, eign Jarðvinnslunnar s/f. Hann krefst einnig, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stjórnandi jarðýtunnar var, þá er áreksturinn varð, að ryðja snjó af Reykjavegi. Hann ók til suðurs með hraða gangandi manns fram hjá tveimur kyrrstæðum bílum, sem stóðu á austurbrún vegarins. Hann hafði hvorki leiftrandi ljós á jarðýtunni, sbr. 4. mgr., 1. tl., 31. gr. reglugerðar nr. 51/1964, né viðvörðunarkerkið A 10. Eins og ljósabúnaði jarðýtunnar var háttað, hefði verið varlegra af honum að nema staðar, jafnskjótt sem hann sá gagnáfrýjanda koma á móti sér.

Gagnáfrýjandi ók norður Reykjaveg. Hann átti að sjá hina kyrrstæðu bíla á austurbrún vegarins. Mátti hann draga af stöðu þeirra þá ályktun, að umferðin að norðan færi fram hjá þeim yfir á vestari helming vegarins. Hann átti og að verða jarðýtunnar var í tæka tíð, ef hann hefði viðhaft þá

gát, sem honum bar að sýna. Á hann því meginsök á árekstrinum.

Að öllum atvikum athuguðum þykir rétt að skipta sök á árekstrinum þannig, að ökumaður jarðýtunnar beri hana að einum fjórða, en gagnáfrýjandi að þremur fjórðu. Samkvæmt þessu verður skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda lögð að einum fjórða á aðaláfrýjendur.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Jarðvinnslan s/f og Almennar Tryggingar h/f, skulu bera óskipt að einum fjórða skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, Sveins Ólafs Tryggvasonar, sem hann hlaut við árekstur bifreiðar hans, R 6478, og jarðýtu Jarðvinnslunnar s/f hinn 31. desember 1964.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Sveinn Ólafur Tryggvason, Háagerði 27 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 13. maí 1965, á hendur Jarðvinnslunni s/f og Almennum Tryggingum h/f, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 30.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af dómkröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans, en til vara er þess krafizt, að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð stórlega.

Samkvæmt samkomulagi lögmannna aðilja hefur málinu verið skipt í samræmi við ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að nú er aðeins fjallað um fébótaábyrgð stefndu á tjóni stefnanda, sem fjallað er um í málinu.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að viðurkennd verði óskipt fébótaábyrgð stefndu á tjóni því, er varð á bifreið hans, R 6478, hinn 31. desember 1964. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um kl. 0800 fimmtudaginn hinn 31. desember 1964 varð árekstur á milli bifreiðarinnar R 6478, eign stefnanda, og jarðýtu, af gerðinni T. D. 14, eign stefnda Jarðvinnslunnar s/f, á Reykjavegi hér í borg milli Hofteigs og Kirkju-teigs. Unnið var með jarðýtunni við að ryðja snjó af veginum, og var stjórnandi jarðýtunnar að færa hana til suðurs eftir veginum, en til þess þurfti hann að aka fram hjá tveimur kyrrstæðum bifreiðum, sem stóðu við eystri vegarbrún með nokkru bili á milli. Bifreið stefnanda var ekið norður Reykjaveg. Löggæzlumenn þeir, sem kvaddir voru á vettvang, gerðu uppdrátt af staðháttum, og er þar mörkuð afstaða bifreiðar stefnanda og hinna tveggja kyrrstæðu bifreiða við eystri vegarbrún, en hins vegar verður ekki séð, að löggæzlumennirnir hafi markað stöðu jarðýtunnar á uppdráttinn, enda mun hafa verið búið að færa hana úr stað, er þeir komu á vettvang. Á uppdráttinn hefur verið markað með blýanti það, sem talið er eiga að vera staða jarðýtunnar, er áreksturinn varð, en upplýst er, að það mun ekki gert af löggæzlumönnum, heldur af einhverjum þeim, sem síðar hafa farið höndum um málið. Samkvæmt uppdrættinum eru hemlaför eftir R 6478 um 13–14 m. Myrkur var á og skýjað, er áreksturinn varð, og snjór var á veginum. Ekki voru vitni að atburðinum, og nýtur því ekki frásagnar annarra af honum en stefnanda og stjórnanda jarðýtunnar. Samkvæmt skýrslu löggæzlumannanna urðu skemmdir á bifreið stefnanda þær, að hægri aurlíf, kælislíf og vélarhúslok dælduðust, og ljósker brotnaði.

Stefnandi, sem ók bifreið sinni í umrætt skipti, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi hemlað, strax og hann varð ýtunnar var eða um það bil. Kveðst hann ekki hafa orðið var við ljósin á ýtunni, er hann hemlaði, heldur ýtuna sjálfa. Hann kveðst hafa ekið á eðlilegum hraða og alls ekki ekið hratt. Stefnandi kveður sér hafa virzt jarðýtan vera á fullri ferð áfram, er áreksturinn varð, en þá hafi bifreiðin verið að því komin að nema staðar. Ekki kveðst stefnandi hafa getað sveigt meira til

vinstri en hann gerði vegna snjóruðnings, sem verið hafi vinstra megin við bifreið hans. Stefnandi kveður, að jarðýtan muni hafa verið að snúa til vinstri, er áreksturinn varð, og kveður hornið á tönninni hafa komið við hægra framhorn bifreiðarinnar og lent á miðju ökuljósi hennar. Kveður hann skemmdir hafa orðið allhált á húsi bifreiðarinnar og kveður bifreiðina mikið skemmda eftir áreksturinn. Stefnandi kveðst hafa tekið eftir því, að tönn ýtunnar hafi verið lyft allhált, er hún var í akstri, og telur, að það hafi getað orsakað það, að stjórnandi hennar hafi ekki séð eins vel út og annars og einnig það, að tönnin hafi skyggt á ökuljós ýtunnar. Stefnandi kveður snjókeðjur hafa verið á báðum afturhjólum bifreiðar sinnar og einnig á öðru framhjólínu.

Aflað hefur verið umsagnar Bifreiðaeftirlits ríkisins um ljósa-útbúnað jarðýtunnar. Segir þar svo:

„Þær kröfur, sem gerðar eru um framljósabúnað vinnuvéla, eru tvö ljósker að framan, sem skulu vera sjáanleg í a. m. k. 150 metra fjarlægð og mega ekki valda þeim, er á móti koma, glýju.

Á jarðýtu þessari er ljósaskiptir (mótstöðurofi), er virkar þannig, að þegar skipt er, dofna ljósin og verða týrur.

Hvað viðkemur því, hvort hugsanlegt sé, að tönn jarðýtunnar geti byrgt ljósin að einhverju eða öllu leyti, teljum við útilokað, að svo hafi getað verið, því að við athugun með tönnina í fullri hæð voru bæði ljósin, öll, sjáanleg úr 3.5 m. fjarlægð framan við tönnina úr 1 metra hæð frá jörðu.“

Stjórnandi jarðýtunnar, Kristján Lýður Biström Jóhannsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að ýta snjó með vinstri vegjaðri, þ. e. eystri vegjaðri, en hann hafi þurft að fara frá vegjaðrinum til að komast fram hjá tveimur kyrrstæðum bifreiðum við vegjaðarinn. Hann kveður bil hafa verið milli bifreiðanna, en þó ekki það mikið, að þar mætti leggja bifreið eða jarðýtu. Ekki kvaðst Kristján hafa orðið var við, að bifreið kæmi á móti, er hann hóf að aka fram hjá hinum kyrrstæðu bifreiðum. Er hann var kominn fram undir aftari pallhorn bifreiðarinnar, sem framar var, kveðst hann hafa séð vörubifreið koma á móti sér. Kveðst hann fyrst hafa orðið bifreiðarinnar var, er hún var á mótum Reykjavegar og Sigtúns, eins og göturnar voru þá. Kristján kveðst hafa lyft tönn jarðýtunnar, á meðan á akstri hennar stóð. Hann kveður þó ekki hægt að lyfta henni svo hátt, að hún byrgi útsýn fyrir stjórnanda ýtunnar, og ekki kveður hann heldur hægt að lyfta tönninni svo hátt, að hún byrgi öku-

ljós ýtunnar, en þau kveður hann einnig vera vinnuljós hennar. Kristján kveðst strax hafa blikkað með ljósum ýtunnar, er hann sá til ferða bifreiðarinnar, og kveður ökumann hennar þá einnig hafa blikkað með ljósum hennar. Kveðst Kristján þá hafa lækkað ljósin á ýtunni, til þess að þau blinduðu ekki ökumann bifreiðarinnar, þar sem þau séu svo sterk. Kristján kveðst nú hafa séð fram á, að bifreiðin yrði ekki stöðvuð og kveðst því hafa sveigt jarðýtunni að hinum kyrrstæðu bifreiðum, eins og hann hafi getað. Hafi hann síðan stöðvað ýtuna, þannig að tönn hennar hafi verið á móts við framenda fremri bifreiðarinnar. Kristján kveður tönn jarðýtunnar hafa verið beitt skáhalt frá henni, þannig að hægra horn hennar hafi náð aðeins lengra fram en hið vinstra. Kristján telur, að tvær bifreiðalengdir hafi verið á milli farartækjanna, þegar hann stöðvaði ýtuna. Hann kveður áreksturinn hafa orðið með þeim hætti, að hægra horn bifreiðarinnar hafi lent á hægra horni tannarinnar og hafi bifreiðin skemmzt, eins og fram komi í lögregluskýrslunni.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar, að áreksturinn verði eingöngu rakinn til gálauslegs aksturs stjórnanda jarðýtunnar. Hann hafi ekið eftir röngum vegarhelmingi og lokað algerlega götunni fyrir stefnanda. Þá hafi stjórnandi jarðýtunnar ekið með tönn jarðýtunnar í þeirri stöðu, að hann hafi séð illa eða ekki fram fyrir sig og auk þess byrgt með því ljós jarðýtunnar fyrir stefnanda, eða að minnsta kosti mjög skyggt á þau. Er því haldið fram, að af framangreindum ástæðum beri stjórnandi jarðýtunnar alla sök á árekstrinum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stjórnandi jarðýtunnar eigi enga sök á árekstrinum. Hann hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og gert allt, sem hann gat, til að koma í veg fyrir áreksturinn. Áreksturinn verði eingöngu rakinn til gáleysis stefnanda sjálfs, enda hafi stefnandi ekið á jarðýtuna. Til vara er því haldið fram, að áreksturinn hafi orsakast af óhappatilviki, en af því leiði, að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda.

Er umræddur atburður varð, var stjórnandi jarðýtunnar að sinna nauðsynlegum störfum við að ryðja snjó af Reykjavegi. Við það starf sitt þurfti hann að aka fram hjá tveimur kyrrstæðum bifreiðum, eins og áður er lýst. Á meðan hann gerði það, lokaðist gatan fyrir umferð, sem á móti kom. Bar stjórnanda jarðýtunnar því að sýna fyllstu aðgæzlu við þennan akstur. Stjórnandi jarðýtunnar varð var við bifreið stefnanda, er hann var kominn fram undir aftara pallhorn fremri bifreiðarinnar. Bar honum þá að

hinkra við og aka ekki áfram, fyrr en öruggt var, að stefnandi hefði orðið hans var. Eins og atvikum var háttað, verður að álíta, að stjórnandi jarðýttunnar hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu að þessu leyti og hafi hann ekið áfram, án þess að öruggt væri, að stefnandi hefði veitt jarðýttunni athygli. Verður því að telja, að stjórnandi jarðýttunnar eigi nokkra sök á, hvernig fór.

Er umræddur árekstur varð, var myrkur og snjór á jörðu. Bar stefnanda að sýna fyllstu aðgæzlu og haga akstri sínum eftir aðstæðum öllum, sbr. ákvæði 49. gr. umferðarlaga. Verður að telja, að stefnandi hefði þá átt að sjá nægilega snemma til ferða jarðýttunnar og geta stöðvað bifreið sína í tæka tíð. Þykir stefnandi því hafa sýnt af sér nokkurt gáleysi og eigi hann því einnig nokkra sök á, hvernig fór.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta ábyrgð á árekstrinum svo, að ökumaður jarðýttunnar beri helming sakar, en stefnandi verði sjálfur að bera helming tjóns þess, sem hann varð fyrir. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda lögð að hálfu á stefndu in solidum, sbr. ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda in solidum málskostnað í þessum þætti málsins, sem ákveðst kr. 1.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jarðvinnslan s/f og Almennar Tryggingar h/f, skulu in solidum bera helming fébótaábyrgðar á tjóni stefnanda, Sveins Ólafs Tryggvasonar, sem hann varð fyrir við árekstur bifreiðar hans, R 6478, og jarðýttu stefnda Jarðvinnslunnar s/f hinn 31. desember 1964.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.